

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 165/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 97.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2055 frá 23. júní 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir samstarf og upplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda að því er varðar neytingu greiðslustofnana á staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu ⁽²⁾.
- 3) Reglugerð (ESB) 2015/2366 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB ⁽³⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB), lið 31e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 65/2009) og lið 31g (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010):
„- **32015 L 2366:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 97.“
2. Eftirfarandi texta er bætt við 15. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB):
„, breytt með:
– **32015 L 2366:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 294, 11.11.2017, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 4. mgr. 18. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

- i) „13. janúar 2018“ orðast „gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019“,
- ii) „til 13. júlí 2018“ orðast „sex mánuði frá gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019“,
- iii) „fyrir 13. júlí 2018“ orðast „sex mánuði frá gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 14. júní 2019“.

3. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 16e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB):

„32015 L 2366: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin „aðildarríki/n“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni, í þeirri röð.
- b) Vísanir í aðrar gerðir í tilskipuninni skulu gilda að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.
- c) Ákvæði 36. mgr. 4. gr. hljóðar svo:
„,örfyrirtæki“: fyrirtæki sem við gerð greiðsluþjónustusamnings er fyrirtæki sem hefur með höndum atvinnustarfsemi, óháð rekstrarformi að lögum. Nánar tiltekið falla undir þessa skilgreiningu sjálfstæðir atvinnurekendur og fjölskyldufyrirtæki sem starfa á sviði handverks eða annarrar starfsemi, svo og sameignarfélag og samtök sem hafa reglubundna atvinnustarfsemi með höndum. Í flokknum örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki eru fyrirtæki með færri starfsmönnum en 250, enda sé ársvelta ekki yfir 50 milljónum evra og/eða niðurstaða árlegs efnahagsreiknings ekki yfir 43 milljónum evra. Örfyrirtæki í flokknum lítil og meðalstór fyrirtæki eru fyrirtæki með færri starfsmönnum en 10, enda sé ársvelta og/eða niðurstaða árlegs efnahagsreiknings ekki yfir 2 milljónum evra.“
- d) Í 1. mgr. 26. gr. er orðunum „seðlabönkum EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni“.
- e) Í 27. gr.:
 - i) í 1. mgr. koma orðin „óskað eftir aðstoð Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á,“ í stað orðanna „óskað eftir aðstoð hennar,“,
 - ii) í fyrsta málslið 2. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“.

- f) Í 3. mgr. 30. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina“.
- g) Í 2. mgr. 96. gr. er orðunum „og seðlabönkum EFTA-ríkjana“ bætt við á eftir orðunum „aðilum seðlabankakerfis Evrópu“.
- h) Ákvæði 109. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:
- i) í 1. og 3. mgr. koma orðin „gildistöku­dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019“ í staðinn fyrir orðin fyrir „13. janúar 2018“.
 - ii) í 1. mgr. koma orðin „innan sex mánaða frá gildistöku­degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019“ í stað orðanna „til 13. júlí 2018“,
 - iii) í 3. mgr. koma orðin „í eitt ár frá gildistöku­degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019“ í stað orðanna „til 13. janúar 2019“,
 - iv) í 3. mgr. koma orðin „einu ári frá gildistöku­degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019“ í stað orðanna „eigi síðar en 13. janúar 2019“,
 - v) í 5. mgr. koma orðin „innan tveggja ára frá gildistöku­degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2019 frá 14. júní 2019“ í stað orðanna „fyrir 13. janúar 2020“.
4. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 16e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/2366):
- „16ea. **32017 R 2055**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2055 frá 23. júní 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir samstarf og upplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda að því er varðar neytingu greiðslustofnana á staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu (Stjtið. ESB L 294, 11.11.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2015/2366, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 97, og framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/2055, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

* Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.